



Sýni tekin að Fiskalóni í Ölfusi 27. júlí 1982

Jón Örn Bjarnason

Greinargerð JÖB-82/01

Þann 27. júlí 1982 voru tekin sýni að Fiskalóni í Ölfusi.
Var þetta gert vegna fyrirhugaðrar nýtingar heits vatns úr borholu til fiskeldis. Tvö sýni voru tekin, úr borholunni og úr afrennsli holunnar við skurð. Niðurstöður efnagreininganna eru sýndar hér að neðan.

TAFLA I. Fiskalón í Ölfusi. Styrkur efna í mg/kg (ppm)

	Borhola	Útfall við skurð
Sýni nr.	820098	820099
Sýrustig pH/°C	8,60/22	8,72/22
Eðlisviðnám $\Omega\text{m}/^\circ\text{C}$	8,5/22	8,4/22
SiO ₂	133,9	132,0
Na ⁺	219,47	221,95
K ⁺	10,14	10,11
Ca ⁺⁺	12,19	12,26
Mg ⁺⁺	0,028	0,025
CO ₂	26,5	23,5
SO ₄ ⁻⁻	64,26	64,58
H ₂ S	< 0,1	< 0,1
Cl ⁻	310,10	306,05
F ⁻	0,885	0,885
Uppleyst efni	782,2	782,8
O ₂	10 ppb	

Vatn þetta myndi teljast neysluhæft til drykkjar en þó heldur í saltara lagi. Yrði vatnið notað til húshitunar væri nokkur hættu á tæringu í járnörum vegna seltu. Þá væri einnig hættu á útfellingum. Kæmi til slíkrar notkunar legg ég til að gerðar yrðu tæringarprófanir og frekari athugun á útfellingarhættu.

Ekki eru aðstæður til þess hér að leggja á það dóm hvort vatnið sé hæft til fiskeldis. Bera skal undir sérfræðing í fiskeldi, hversu vel vatnið er hæft til þeirra nota.